

skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samantlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1975. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 54 13. febrúar 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 74.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda.

Rekstrarreikningur frá 1. jan. til 31. des. 1974.

Tekjur :

| | | |
|--|-----------------|------------------------|
| Framlag neytenda skv. áætlun | kr. 107 835 000 | |
| Tilfærsla vegna 1973 | — 1 506 899 | |
| Tilfærsla vegna 1971 og 1972 | — 176 487 | |
| | | kr. 106 151 614 |
| Iðgjöld framleiðenda skv. áætlun | kr. 71 890 000 | |
| Tilfærsla vegna 1973 | — 1 004 599 | |
| Tilfærsla vegna 1971 og 1972 | — 117 658 | |
| | | — 70 767 743 |
| Iðgjöld launþega v/1973 | — 7 970 | |
| Iðgjöld launþega v/1974 | — 31 766 | |
| Mótframlög atvinnurekenda | — 59 608 | |
| Vaxtatekjur | — 21 602 679 | |
| Framlög vegna eftirlauna: | | |
| Ríkissjóður Íslands | kr. 42 399 176 | |
| Stofnlánadeild landbúnaðarins | — 25 439 506 | — 67 838 682 |
| | | Kr. 266 460 062 |

Gjöld :

| | | |
|--|---------------|------------------------|
| Eftirlaun skv. I. kafla | kr. 1 156 747 | |
| Eftirlaun skv. II. kafla | — 67 838 682 | |
| Laun og önnur rekstrargjöld | — 3 469 500 | |
| | | kr. 72 464 929 |
| Endurgreidd iðgjöld framleiðenda | kr. 8 909 | |
| Réttindafl. o. fl. v/iðgj. do. | — 92 377 | |
| Réttindaflutn. framl. atvinnurek. | — 126 284 | |
| | | — 227 570 |
| | Tekjuafgangur | — 193 767 563 |
| | | Kr. 266 460 062 |

Efnahagsreikningur 31. desember 1974.**Eignir :**

| | | |
|--|-----|-------------|
| Búnaðarbanki Íslands, innstæður | kr. | 51 411 394 |
| Óinnheimt iðgjöld skv. áætlun stjórnar | — | 50 558 199 |
| Skuldabréf | — | 300 304 836 |
| Stofnlánadeild landbúnaðarins | — | 5 647 |

 Kr. 402 280 076
Skuldir :

| | | |
|--------------------------------------|-----|-------------|
| Ríkissjóður Íslands | kr. | 198 270 |
| Óskipt iðgjöld | — | 65 850 |
| Umboðsmenn framleiðenda | — | 81 056 |
| Höfuðstóll 1. jan. 1974 | kr. | 208 167 337 |
| Höfuðstóll, tekjuafgangur 1974 | — | 193 767 563 |

 — 401 934 900

 Kr. 402 280 076

Reykjavík, 18. febrúar 1975.

Pétur Sigurðsson.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfðum endurskoðað framanskráðan rekstrarreikning 1. jan.—31. des. 1974 og efnahagsreikning 31. desember 1974, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins.

Skuldabréfin bera eftir á greidda vexti sem verða bókfærðir á greiðsluári. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 18. febrúar 1975.

Vigfús Gunnarsson. Örn Marinósson.

Nr. 75.

20. febrúar 1975.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Móðurmálssjóð Kvennaskólans í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 20. febrúar 1975:

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**Móðurmálssjóðs Kvennaskólans í Reykjavík.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir „Móðurmálssjóður Kvennaskólans í Reykjavík“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af 5, 10 og 20 ára nemendum Kvennaskólans í Reykjavík á 100 ára afmælisdegi skólans 1. október 1974. Stofnfé sjóðsins er kr. 117 500.00 (eitthundraðogsfimmhundruð).